

51. fundur Svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 27. apríl 2017 kl. 10:30. Mættir: Björn Ingi Jónsson, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Helga Árnadóttir og Regína Hreinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Stjórnunar- og verndaráætlun

Jörðin Fell er nú í umsjón þjóðgarðsins, skv. beiðni Fjármálaráðuneytisins og fer líklega undir þjóðgarðinn bráðlega. Ákveðið að formaður svæðisráðs sjái um að koma þeim skilaboðum til stjórnar að mikilvægt sé að hefja vinnu við kafla með lýsingu og skilmálum fyrir jörðina inn í stjórnunar- og verndaráætlun. Ljóst er að einhver kostnaður fylgir þessari vinnu og því óskar svæðisráð eftir samþykki stjórnar til að hefja vinnu við þetta.

2. Atvinnustefna þjóðgarðsins

Formaður upplýsti um vinnu við atvinnustefnu þjóðgarðsins, beðið er eftir að vinnu við reglugerð ljúki til að hægt sé að fara eftir þeim lögum sem voru samþykkt um atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins. Svæðisráð leggur þunga áherslu á að þessari vinnu ljúki sem fyrst þar sem núverandi ástand hefur mikil áhrif á ímynd og starfsemi þjóðgarðsins á suðursvæði þar sem fjöldi fyrirtækja er með starfsemi innan garðsins.

3. Erindi Iceguide ehf. umsókn um aðstöðu í Skaftafelli

Framkvæmdastjóra var sent erindi frá Ice Guide um aðstöðu við Skaftafellsstofu. Erindinu var svarað 27. mars þar sem því var hafnað á þeim forsendum að í nýju skipulagi í Skaftafelli væri ekki gert ráð fyrir slíkri starfsemi. Í ljósi þessa telur svæðisráð að segja þurfi upp samningi við þau fyrirtæki sem nú þegar eru með aðstöðu innan þjóðgarðs og væri það þá í samræmi við samþykkt stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs frá fundi hennar 19. ágúst 2014. Að öðrum kosti þarf að gera ráð fyrir nægilegu rými innan svæðisins til að gæta jafnræðis við úthlutun þessara takmörkuðu gæða. Svæðisráð telur einnig brýnt að við afgreiðslu slíkra erinda og umsókna sé skýrt í hvaða ferli þau fara og hverjir eigi að fjalla um þau áður en ákvarðanir eru teknar.

4. Jökulsárlón og jörðin Fell

Svæðisráð telur skynsamlegt, í ljósi þess að það er að koma maí, að það svæði sem hefur verið nýtt fyrir bílastæði við þjónustusvæðið við Jökulsárlón undanfarin ár sé lagfært fyrir sumarið í sumar frekar en að byrja strax vinnu við bílastæði sem eru skilgreind á gildandi deiliskipulagi. Svæðisráð leggur til að nefndin sem stjórnin skipaði á fundi sínum um uppbyggingu við Jökulsárlón fari yfir framtíðaruppbyggingu og nýtingu svæðisins með þjóðgarðsstarfsmönnum og svæðisráði á suðursvæði þjóðgarðsins m.a. með tilliti til þess hvort gildandi deiliskipulag samrýmist hugmyndum og hlutverki þjóðgarðsins. Svæðisráð leggur áherslu á gott samstarf við rekstraraðila á svæðinu.

5. Fjárhagsáætlun Suðursvæði 2017

Drög að rekstraráætlun frá 27. apríl 2017 lögð fram. Svæðisráð fagnar því að gert sé ráð fyrir aukningu til starfsmannahalds. Gert er ráð fyrir að hækkun verði á sértekjum á milli ára. Í ljósi spár um 25-30% fjölgun ferðamanna harmar svæðisráð þó að á sama tíma sé gert ráð fyrir niðurskurði í rekstrarkostnaði um 32 milljónir frá rauntölum ársins 2016.

Í rekstraráætluninni er ekki gert ráð fyrir fjármagni vegna umsjónar þjóðgarðsins með jörðinni Felli og ekki heldur eftirliti vegna íshellaferða sem var á sérframlagi síðasta vetur, þetta tvennt gæti að einhverju leyti farið saman yfir vetrartímann. Í ljósi heildarniðurskurðar á framlagi til Vatnajökulsþjóðgarðs er fátt annað hægt en að samþykkja framlagða rekstraráætlun þó svæðisráð telji ólíklegt að niðurstaða ársins 2017 geti orðið á þennan veg. Svæðisráð skorar því á stjórn og

ríkisvaldið að tryggja nægilegt rekstrarfé til Vatnajökulsþjóðgarðs svo hægt sé að halda uppi nauðsynlegri og lögbundinni starfsemi í þjóðgarðinum.

6. Starfsemi og eftirlit á Breiðamerkursandi 2017

Helga kynnti samantekt úr gögnum sem safnað var í eftirliti vetursins við afleggjarann að Breiðamerkurjökli. Fjöldi fyrirtækja alls sem voru að fara í íshella var um 30 og gestafjöldi út frá þessum gögnum um 20.000. Þar sem eftirlit hófst ekki fyrr en í desember var sent bréf til fyrirtækjanna þar sem beðið var um upplýsingar frá þeim um fjölda ferða og gesta til að samræma við þær upplýsingar sem var safnað. Samkvæmt gögnum sem fyrirtæki hafa skilað er vanmat á fjölda á bilinu 30 – 60%.

Umræður sköpuðust um hvernig framhaldið verði næsta vetur og hvernig hægt er að nýta þessi gögn við stýringu aðgengis að íshellum. Drög að áhættumati frá Magnúsi Tuma Guðmundssyni og Finni Pálssyni liggja fyrir.

Farið var yfir drög að áhættumati og vangaveltur voru um hvernig hægt verði að vinna eftir því. Spurningar um hver eigi að meta ástand hella, hvort það séu bara landverðir, samstarf milli þeirra og leiðsögumanna eða fleiri komi þar að. Einnig spurningar um aðkomuvegi og hvernig eigi að skilgreina þá. Ákveðið að fá áhættumatið frá Magnúsi Tuma og Finni til að leggja fyrir næsta fund stjórnar til skoðunar. Ef gjaldtaka verður af ferðum í íshella í framtíðinni þarf að vera búið að ákveða einhverskonar stýringu. Búið er að gera drög á viðmiðum um íshellaferðir í gæðakerfi Vakans en vantar upp á að skilgreina nauðsynlegan öryggisbúnað.

7. Vegir og slóðar á suðursvæði

Rætt um hvernig hægt sé að takast á við nýmyndun slóða upp að jöklum í sveitarfélaginu. Svæðisráð telur mikilvægt að farið sé í greiningu á þeim vegum og slóðum sem liggja inn fyrir mörk Vatnajökulsþjóðgarðs. Þjóðgarðsstarfsmenn leita til Landmælinga Íslands vegna upplýsinga um slóða, en á þeirra vegum var safnað upplýsingum um alla slóða á landinu fyrir nokkrum árum.

8. Erindi frá Glacier Trips

Glacier Trips óskar eftir leyfi til að vera með tvo slöngubáta og að setja upp léttar göngubrýr við Fláajökul í sumar. Svæðisráð setur sig ekki upp á móti því að bátar verði geymdir við lónið í sumar eða settar verði upp léttar göngubrýr sem verði fjarlægðar í lok sumars. Bent er á að áður en siglingar hefjast þarf siglingarleyfi frá Samgöngustofu til fólksflutninga á slíkum bátum. Leyfi svæðisráðs er ekki fordæmisgefandi þar sem ekki hefur verið mótuð stefna um hvar verði leyfilegt að vera með siglingar á mótorbátum innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

9. Önnur mál

Starfsmenn upplýstu að landeigendur á Skálafelli hafi komið á þeirra fund vegna endurnýjunar á samningi um upplýsingagjöf og hugsanlegum rekstri salernisaðstöðu á vegum þjóðgarðsins. Vitnað var í samtal sem landeigendur áttu við stjórn og svæðisráð á fundum síðasta haust þar sem lögð var áhersla á að nauðsynlegt væri að hafa salernisaðstöðu á svæðinu. Landeigendur hafa sent erindi til Vatnajökulsþjóðgarðs sem var tekið fyrir á fundi svæðisráðs (49. fundi) og vísað áfram til stjórnar en hefur ekki verið tekið fyrir á stjórnarfundi. Svæðisráð ítrekar að erindið verði tekið fyrir á næsta stjórnarfundi.

Fundi slitið kl. 15:16